



## Fundargerð

Fundur í skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykólahrepps  
mánudaginn 7. febrúar 2011, kl. 10:00.

Fundarstaður: fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykólum.

Mættir: Sveinn Ragnarsson, Egill Sigurgeirsson, Herdís Erna Matthíasdóttir. Einnig sátu fundinn Bogi Kristinsson skipulags – og byggingafulltrúi, Guðmundur Ólafsson slökkviliðsstjóri og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er 2 blaðsíður.

Formaður bauð fólk velkomið og setti fund.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

#### 1. 1102001 - Reykólar 139639, skipting lands.

Erindi frá sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneytinu dagsett 20. janúar 2011 þar sem óskað er eftir samþykki vegna fyrirhugaðrar skiptingar á 2 spildum, þ.e. 14 he spilda með landnr. 219869 sem er Reykólahöfn og áður óútskipt spilda sem er Karlsey verksmiðjuh 139663, 5,73 he. Báðar spildurnar eru úr landi Reykóla.

*Nefndin samþykkir skiptinguna.*

#### 2. 1102002 - Læknishús 139759, stöðuleyfi.

Umsókn Ólínu Jóhönnu Jónsdóttur um áframhaldandi stöðuleyfi fyrir hús til ferðaþjónustu.

*Nefndin samþykkir að veita stöðuleyfi til 1. mars 2012.*

#### 3. 1102003 - Grásteinn 219752, umsókn um byggingaleyfi.

Umsókn Sigurðar G. Þorsteinssonar um byggingaleyfi fyrir íbúðarhús á landinu dagsett 20. janúar 2011.

*Erindið er samþykkt með fyrirvara um samþykki viðeigandi stofnana.*

#### 4. 1102004 - Samingur um um búfjáreftirlit.

Samningur frá Búnaðarsamtökum Vesturlands um búfjáreftirlit árið 2011 til undirritunar.

*Nefndin fór yfir samninginn og mælir með því við hreppsnefnd að gengið verði til samninga við BV.*

**Önnur mál (ef einhver):**

**5. 1102005 – Tröllendi deiliskipulag.**

*Drög að skipulagi lögð fyrir nefndina. Nefndin gerir nokkrar athugasemdir. Byggingafulltrúa falið að koma athugasemdum á framfæri.*

**6. 1102006 - Aðalskipulagsbreyting vegna vegagerðar á Vestfjarðavegi 60.**

Drög að lýsingu vegna aðalskipulagsbreytinga fyrir Vestfjarðarveg 60 frá Landmótun 7. febrúar 2010.

*Nefndin fór yfir drögin og gerir engar athugasemdir.*

**7. 1102007 - Gildistaka mannvirkjalaga.**

Erindi frá Umhverfisstofnun dagsett 31. janúar er varðar breytingar sem urðu við gildistöku mannvirkjalaga um síðustu áramót.

*Nefndin gerir tillögu til hreppsnefndar að bygginganefnd starfi áfram í hreppnum þar til málin skýrist frekar varðandi verkferla í nýrri byggingareglugerð.*

**Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 11:55**

_____	_____
_____	_____
_____	_____